

BORGARRÁÐ 14. nóvember 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bækling um húsnæðisuppbyggingu 2019 - R18080190

Inn um lúgur borgarbúa barst í gær litprentaður bæklingur útgefinn af Reykjavíkurborg upp á 55 bls. sem leit út eins og fasteignaauglýsingabæklingur. Bæklingnum var augljóslega ætlað að auglýsa stefnu meirihlutans og fegra og bæta fyrir allt klúður hans í skipulags- og samgöngumálum. Augljóst er að Reykjavíkurborg er komin langt út fyrir hlutverk sitt en það er ekki hlutverk Reykjavíkurborgar að auglýsa eignir einstaklinga og fyrirtækja á kostnað útsvarsgreiðenda. Það má því velta fyrir sér þá af hverju þeir sem eru að selja eldri fasteignir fái þá ekki sambærilega auglýsingu frá útsvarsgreiðendum. Óskað er upplýsinga hvar og hvenær ákvörðun um útgáfu þessa bæklinga var tekin? Er eðlilegt að Reykjavíkurgörg haldi úti auglýsingabæklingi fyrir fasteignir? Fór gerð bæklinga og dreifing í útboð? Hvað kostaði hönnun, prentun og dreifing bæklinga? Hver var heildarkostnaður við vinnslu blaðsins og í hverju fólst hann?